

**Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,
haldið 19. október 2018 á Blönduósi,
samþykkir eftirfarandi ályktun:**

Innviðir Norðurlands vestra

Lykilatriði:

- *Framkvæmdir við Skagastrandarveg hefist strax árið 2019.*
- *Fjármagn til viðhalds vega verði stóráukið, bæði í sumar- og vetrarþjónustu, t.d. Vatnsnesveg, Þingeyraveg, Reykjastrandarveg ásamt fleiri vegum þar sem ferðaþjónusta er mikil og skólaakstur ungra barna.*
- *Tryggt verði fjármagn til að styðja við reglulegt áætlunarflug á Saudárkrók og til viðhalds Alexandersflugvallar. Jafnframt verði skoðað að gera völlinn að varaflugvelli fyrir flugvöllina á Akureyri og Reykjavík.*
- *Framlög til stofnana ríkisins í landshlutanum verði aukið til að mæta niðurskurði allt frá efnahagshruni.*
- *Stuðningi við ljósleiðaravæðingu verði framhaldið og aukið fjármagn veitt til dýrustu og erfiðustu tenginganna sem eftir sitja.*

Ábyrgð á hinum ýmsu innviðum sveitarfélaga er bæði hjá sveitarfélögum og ríki. Víðtæk könnun sem gerð var árið 2016 sýnir að íbúar telja að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra standi sig nokkuð vel varðandi þá innviði sem þau bera ábyrgð á, svo sem grunn- og leikskóla. Sömu sögu er ekki hægt að segja um þá innviði sem ríkisvaldið ber ábyrgð á og er þar helst að nefna samgöngumannvirki. Miðað við þau verkefni sem kynnt hafa verið úr væntanlegri samgönguáætlun virðist sem enn verði gengið framhjá landshlutanum varðandi nýframkvæmdir og sú eina sem þar er birt er ekki á dagskrá fyrr en 2021 (Skagastrandarvegur). Þolinmæði íbúa er fyrir löngu þrotin og er því harðlega mótmælt hve freklega er enn og aftur gengið framhjá landshlutanum miðað við framkomin verkefni. Þess er krafist að framkvæmdir við Skagastrandarveg hefjist strax á árinu 2019 og verkefnum í landshlutanum fjölgað. Einnig er þess krafist að fjármunir til viðhalds vega verði stóráuknir, bæði í sumar- og vetrarþjónustu.

Síðasta vetur fékkst stuðningur við reglubundið áætlunarflug á Alexandersflugvöll í Skagafirði. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi stuðning við verkefnið til lengri tíma til að á það komist haldbær reynsla. 6 mánaða tímabil er ekki nóg til að festa flugið í sessi. Einnig þarf að bjóða upp á fleiri ferðir í viku. Með auknu millilandaflugi á Akureyrarflugvöll er nauðsynlegt að gera Alexandersflugvöll að varaflugvelli fyrir millilandafluvöllina á landinu en dæmin hafa sýnt að ekki er vanþörf á því þegar flugumferð er hvað mest. Flugvöllurinn er einstaklega vel staðsettur til að hann þjóni bæði Akureyrar- og Keflavíkurflugvelli sem varavöllur. Aðeins er um klukkustundar akstur til Akureyrar og um 3,5 klst. akstur til Reykjavíkur.

Mikilvægt er að ríkisvaldið láti af þeirri stefnu sinni að krefja stofnanir sínar í landshlutanum um hagræðingu. Miðað við framkomin drög að fjárlagafrumvarpi ársins 2018 virðist sem loksins sé lát á niðurskurði og fyrir það ber að þakka. Hins vegar hefur hagræðingarkrafa allt frá efnahagshruni verið svo mikil að verulega þarf að bæta í svo þessar stofnanir nái vopnum

sínum að nýju. Háskólinn á Hólum, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og heilbrigðisstofnanir, sem eru nokkrar þeirra stofnana sem eru á forræði ríkisins á svæðinu, eru mikilvægir hornsteinar í samfélögum svæðisins og þeir þættir sem fólk horfir m.a. til þegar velja á stað til búsetu. Fjársvelti þessara stofnana minnkar búsetujafnrétti og er þannig á skjön við nýsamþykktu byggðaáætlun þar sem skýrt kemur fram að eitt markmiða stjórnvalda sé að jafna aðgengi að þjónustu.

Mikilvægt er að ljósleiðaravæðingu landshlutans verði fram haldið og lokið sem allra fyrst. Stuðningur sem fengist hefur á svæðið frá Fjarskiptasjóði hefur nýst vel þó alltaf megi deila um úthlutunaraðferðir. Fyrir það ber að þakka. Sveitarfélög í landshlutanum eru langt komin með verkefnið en margar þeirra tenginga sem eftir eru munu verða mjög dýrar og erfiðar sökum fjarlægða og/eða annarra staðhátta. Í upphafi verkefnisins um ljósleiðaravæðinguna var lofað viðbótarframlagi til þeirra tenginga og er mikilvægt að við það verði staðið. Ríkisvaldið er því hvatt til að tryggja áframhaldandi fjármagn til verkefnisins allt þar til því lýkur, dýrustu og erfiðustu tengingarnar þar meðtaldar, og jafna þannig aðstöðu íbúa og rekstraraðila á landsbyggðinni.

Hagvöxtur landshluta

Lykilatriði:

- *Ríkið standi með bændum til að koma í veg fyrir flóttu úr stéttinni með alvarlegum afleiðingum fyrir samfélög á Norðurlandi vestra.*
- *Ríkið styðji með öflugum hætti við landbúnað á svæðinu og tryggi framtíð íslenskrar matvælaframleiðslu og matvælaöryggi.*
- *Öflugur stuðningur ríkisins við áform um iðnaðaruppbyggingu á Hafursstöðum.*
- *Ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar með því skilyrði að viðbótarorka verði nýtt til iðnaðarstarfsemi á svæðinu.*
- *Ráðist verði í aðgerðir sem boðaðar eru í byggðaáætlun um auglýsingu starfa án staðsetningar hjá ríkinu sem og mat á kostum við að ný starfsemi á vegum ríkisins verði staðsett á landsbyggðinni.*
- *Staðinn verði vörður um þær starfsstöðvar stofnana ríkisins sem þegar eru staðsettar á Norðurlandi vestra.*

Í skýrslu Byggðastofnunar, Hagvöxtur landshluta 2008 – 2015, kemur fram að landbúnaður er grundvallaratvinnugrein á Norðurlandi vestra. Þær þrengingar í landbúnaði, sérstaklega sauðfjárbúskap, sem hafa átt sér stað undanfarin misseri eru grafalvarleg ógn við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra sem er eitt mesta landbúnaðarhérað landsins. Þess er krafist að ríkisvaldið standi með bændum og veiti þann stuðning sem þörf er á svo ekki verði flótti úr stéttinni með alvarlegum afleiðingum fyrir þau samfélög á Norðurlandi vestra sem byggja afkomu sína að einhverju eða mestu leiti á þjónustu við bændur.

Í skýrslu Byggðastofnunar kemur enn fremur fram að framleiðsla á mann er hvergi minni en á Norðurlandi vestra. Atvinnugreinar sem byggja á framleiðslu eru ekki margar né sterkar í landshlutanum. Það er því afar mikilvægt fyrir afkomu og fjölgun íbúanna að landshlutinn nái að laða til sín atvinnutækifæri sem hjálpa til við að rétta af þann framleiðsluhalla sem

landshlutinn á við að etja miðað við aðra landshluta. Gerð er sú krafa til stjórnvalda að þau komi að því með heimamönnum að snúa þessari þróun við, t.d. með öflugum stuðningi við hugmyndir um iðnaðaruppbyggingu á Hafursstöðum. Í því felst aðstoð við uppbyggingu á svæðinu en ekki síst að nægileg raforka verði tryggð fyrir iðnaðarstarfsemi. Stjórnvöld eru, til að mæta þeirri orkuþörf, hvött til að ráðast í stækkun á Blönduvirkjun með því skilyrði að viðbótarorka verði nýtt til iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Í byggðáætlun áráanna 2018-2024 segir m.a. í kafla II. B:

- i. Opínberum aðilum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar.*
- j. Metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.*

Stjórnvöld eru hvött til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd sem allra fyrst og lýsa samtökin sig tilbúin til að taka upp viðræður við ríkið um mat á því hvaða störf og starfsemi gæti hentað vel á starfssvæði þeirra. Jafnframt er lögð áhersla á að vörður verði staðinn um þær starfsstöðvar stofnana ríkisins sem þegar eru á Norðurlandi vestra. Vert er að benda á að flutningur þeirra starfa sem þegar hefur farið fram á Norðurland vestra hefur gengið ákaflega vel sem og rekstur þeirra starfsstöðva sem þar eru.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Lykilatriði:

- *Vinna við gerð nýs samnings um sóknaráætlun hefst sem allra fyrst.*
- *Fjármagn til sóknaráætlunar verði stóraukið.*

Senn fer í hönd lokaár samnings SSNV við ríkið um Sóknaráætlun Norðurlands vestra sem hefur verið í gildi frá árinu 2015 og gildir til ársloka 2019. Framkvæmd áætlunarinnar hefur gengið vel og sá farvegur sem stuðningi við landshlutana hefur verið þróaður með sóknaráætlun hefur sannað gildi sitt að flestu leyti. Mikilvægt er að sem allra fyrst hefst vinna við gerð nýs samnings sem tekur við þegar gildandi samningur rennur skeið sitt á enda til að ekki skapist óvissa um fjármagn og framkvæmd við nauðsynlegan stuðning frá ríkinu.

Lögð er á það rík áhersla að við gerð nýrra samninga um Sóknaráætlun verði það fjármagn sem til hennar er varið stóraukið og það hlutfall fjármuna sem samtökunum er heimilt að halda eftir vegna umsýslu með áætluninni aukið verulega. Umsýslukostnaður hefur reynst mun meiri en það fjármagn sem heimilt er að halda eftir skv. samningi. Það má því segja að samtökin greiði með áætluninni með því að greiða þá umfram vinnu sem í verkefnið fer. Slíkt getur ekki talist eðlilegt.